

Priðjudaginn 10. mars, 2009 - Innlendar fréttir  
*Straumur í þrot*

## Segja FME fara of hart fram

**\*Straumur í faðm ríkisins vegna 17,7 milljóna evra \*Fulltrúar Straums segja aðrar leiðir hafa verið færar í stöðunni \*FME segir aðgerðina nauðsynlega til að tryggja hagsmuni innstæðueigenda**



Búið spil Björgólfur Thor Björgólfsson, stærsti hluthafi Straums, og William Fall forstjóri. Fall sagði starfi sínu lausu í gærmorgun þegar fyrir lá að FME hefði tekið bankann yfir.

Straumur	
Lindóttan kt. 31. des. 2008	
	milli- milli- milli- milli- milli-
	vegr- veitt- veitt- veitt- veitt-
	vegr- veitt- veitt- veitt- veitt-
	vegr- veitt- veitt- veitt- veitt-
Straumur	3.426 3.726 798
Bankarir 30. júní 2008	
18 samarðurðar	
Lánveitendur	3.870 3.788 202
Kjölfang	6.004 6.106 438
Óvæð	3.863 3.662 790
<b>Samtals</b>	<b>14.427 13.997 840</b>

[ Smelltu til að sjá stærri mynd ]

Eftir Þorbjörn Þórðarson og Guðrúnu Hálfðánardóttur FULLTRÚAR Straums fjárfestingarbanka segja að Fjármálaeftirlitið hafi gengið of hart fram gegn bankanum með því að taka hann yfir.

Eftir Þorbjörn Þórðarson

og Guðrúnu Hálfðánardóttur

FULLTRÚAR Straums fjárfestingarbanka segja að Fjármálaeftirlitið hafi gengið of hart fram gegn bankanum með því að taka hann yfir. Fjölmargar aðrar leiðir hafi verið færar sem hefðu ekki valdið þeim skaða á orðspori bankans sem nú er orðinn.

Ein slík leið var að ríkið tæki yfir innlánaafn bankans og eignir á móti og setti það í sérstakt félag. Þá hefði ekki þurft að breyta um eignarhald á bankanum. Samkvæmt upplýsingum frá Straumi var bankinn búinn að semja við alla sína lánveitendur nema innlánseigendur. Bankinn hafi verið í sölufurli og verið búinn að selja eignir og hefði átt von á frekara fjármagni síðar í vikunni. Viðmælandi hjá Straumi segir að ekki hafi verið farið í þessa aðgerð, yfirtöku á bankanum, „með hagsmuni kerfisins í huga“. Hann sagði jafnframt að greiðslustöðvun hefði tryggt jafnræði meðal kröfuhafa.

Straumur átti að standa skil á skuldbindingum að fjárhæð 33 milljónir evra í gær, jafnvirði rúmlega 4,7 milljarða króna, en hafði aðeins handbært fé að fjárhæð 15,3 milljóna evra, jafnvirði 2,2 milljarða króna.

**Ætluði að fara fram á greiðslustöðvun**

Straumur ætlaði að fara fram á greiðslustöðvun í gærmorgun. FME kom hins vegar í veg fyrir það og tók bankinn yfir á grundvelli heimildar sem sett var í lög um fjármálafyrirtæki með neyðarlögunum. FME skipaði svo skilanevnd sem tók við öllum heimildum stjórnar Straums. Gunnar Haraldsson, stjórnarformaður FME, segir að það hafi verið nauðsynlegt fyrir FME að grípa inn í og taka Straum yfir til þess að tryggja hagsmunum innstæðueigenda. Samtals voru um 500 milljónir evra í innlánunum hjá Straumi.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir að ákvörðun um yfirtöku Straums skýrist ekki einvörðungu á að bankinn hafi ekki getað staðið skil á skuldbindingum sínum í gær. „Ef ekki hefði vantað meira upp á en þetta [17,7 milljónir evra innsk. blaðm.] hefði verið reynt að finna leið til að bjarga bankanum yfir þann þroskuld. En það var því miður þannig að Straumur tapaði mjög miklu á síðasta ári þegar bankakerfið hrundi en náði samt að halda sér ofansjávar. [...] Eignasafnið virðist ekki vera þannig að einhverjir vilji koma að bankanum og leggja honum til eigið fé. Þannig að hann kemst í þrot, því miður,“ segir Gylfi.

Gylfi sagði á Alþingi í gær að fall Straums myndi ekki hafa umtalsverð áhrif á fjárhag hins opinbera. Svo virtist sem um 60 milljarða króna innstæður myndu falla undir innstæðutryggingar ríkisins. Hins vegar ætti bankinn eignir á móti og því benti ekkert til þess að fjárhæðin myndi á endanum falla á ríkissjóð.

Seðlabankinn veitti Straumi 133 milljóna evra lán, jafnvirði rúmlega 18 milljarða króna, í desember síðastliðnum gegn veðum í finnska fjármálafyrirtækinu EQ. Hugsanlegt er að fyrirtækið lendi í eigu Seðlabankans.

William Fall, forstjóri Straums, sagði starfi sínu lausu í gær þegar fyrir lá að FME hefði tekið bankann yfir. Straumur lækkaði um 98,83% í Kauphöllinni í gær og var lokaverð bankans 0,02 krónur.

### **Fall fjárfestingabankans Straums vekur athygli víða um heim**

Hættan á raunverulegu þjóðargjaldþroti hefur aukist. Ríkisstjórnin hefur nú tekið á sig ábyrgð á meiri skuldum og spurningin er hvort íslenska ríkið sé nægjanlega öflugt til þess að bera þær byrðar.

Thomas Haugaard, hagfræðingur hjá Svenska Handelsbanken í Kaupmannahöfn, í samtali við fréttastofuna Bloomberg.

Síðasti stóri íslenski bankinn er nú búinn að gefast upp. Straumur Burðarás fjárfestingarbanki, sem hingað til hefur staðið af sér kreppuna án opinberrar yfirtöku, kastaði handklæðinu inn í hringinn í morgun.

Uffe Hansen,

blaðamaður á Börsen.

Ekki kemur á óvart að Straumur sé fallinn. Þetta er búíð hjá bönkunum á Íslandi. Spurningin nú er einungis hversu margra bankar í heiminum bíða sömu örlög.

Harald Magnus Andreassen,

hagfræðingur hjá First Securities, í viðtali við norska fréttavefinn E24.

Síðasta stóra íslenska bankanum, Straumi Burðarás Investment Bank, hefur nú verið lokað og hann yfirtekinn af íslenska ríkinu. Ríkið fær Magasin og Illum með.

Frétt á vefútgáfu

Fyens Stiftstidende

Einmitt núna erum við ekki að gera neitt. Við höfum ekki vald til að taka eina einustu ákvörðun, svo við sitjum bara og bíðum eftir fyrirmælum. Þú getur sagt að við séum til bráðabirgða í biðstöðu. [...] Það er það sem er vandamálið. Við vitum alls ekki hvert framhaldið verður. Nú er það íslenskra stjórnvalda að ákveða um bankann og þau verða þá að gefa fyrirmæli til stjórnenda um hvað á að gerast. Það eina sem mér hefur verið sagt er að forstjóri Straums er hættur.

Oscar Crohn, framkvæmdastjóri hjá Straumi í Danmörku, í samtali við Börsen.dk.

Straumur hefur í mörg ár verið þekktur sem fjárhagslegur virkisturn ríkasta manns Íslands, Thors Björgólfssonar, sem hefur haldið um valdataumana í bankanum ásamt föður sínum. En sá tími er sem sagt liðinn.

Uffe Hansen, blaðamaður

á Börsen

Ekki er ljóst hvort erlend starfsemi fjárfestingabankans verður tekin yfir og störfum 150 manns í Bretlandi ógnað, auk 80 starfa hjá Teathers. Bankinn á einnig helmingshlut í fjármálafyrirtækinu Stamford Partners, sem hefur tíu starfsmenn. Talsmaður Stamford Partners segir að íslenska ríkið hafi ekkert vald til þess að yfirtaka fyrirtækið, svo viðskipti þess haldi áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Vefútgáfa Daily Telegraph

### **Minni skellur en í hruninu í október**

STRAUMUR hafði um 600 manns í vinnu þegar hann var yfirtekinn, þar af 113 hér á landi. Til samanburðar hafði Landsbankinn um 1.500 manns í vinnu á Íslandi í byrjun október 2008, Glitnir ríflega 1.000 og Kaupþing hátt í 1.300. Í janúar 2008 störfuðu um 7.900 manns hjá viðskiptabönkunum þremur víða um heim.

Fréttir gærdagsins hermdu að um 60 milljarðar króna væru í innlánnum frá fyrirtækjum, stofnunum og fagfjárfestum í Straumi. Heildarinnlán í viðskiptabönkunum um mitt síðasta ár voru 4.175 milljarðar króna. Innlán frá öðrum bönkum og fjármálastofnunum námu 1.446 milljörðum króna. Eigið fé Straums var nokkuð mikið, CAD-eiginfjárlutfall 16,9% um áramótin. Til samanburðar var CAD-hlutfall Glitnis og Kaupþings 11,2% 30. júní 2008, en 10,3% hjá Landsbankanum.

**S&S**

## **Af hverju var gripið inn**

### **Í starfsemi Straums?**

Bankinn átti í gær að standa skil á skuldbindingum upp á 33 milljónir evra en hafði aðeins 15,3 milljónir evra í handbæru fé. FME mat það svo að yfirvofandi og alvarlegur lausafjárskortur í Straumi fæli sér í knýjandi aðstæður í skilningi 3. mgr. 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, en þeirri grein var bætt við lögina með neyðarlögunum sem sett voru í haust.

### **Af hverju var bankanum ekki**

leyft að fara í greiðslustöðvun?

Gunnar Haraldsson, stjórnarformaður FME, segir að það hefði þýtt ákveðin vandamál fyrir íslensk stjórnvöld, þ.e yfirlýsing um að innstæður væru tryggðar. Því ef um hefðbundið greiðslustöðvunarferli er að ræða er staða innstæðueigenda sú sama og annarra forgangskröfuhafa. Þrátt fyrir að um forgangskröfur sé að ræða hefði ekki verið tryggt að innstæðueigendur gætu fengið fé sitt til baka. Þess vegna hefði verið nauðsynlegt fyrir FME að grípa inn í.

### **Verður búinn til Nýi Straumur-**

Burðarás fjárfestingarbanki? Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segist ekki eiga von á því að nýtt félag verði stofnað um innlenda starfsemi, þ.e Straumi verði ekki haldið gangandi eins og viðskiptabönkunum þremur sem féllu í haust. Þá verði rekstur þrotabús bankans mun umsvifaminni en hinna bankanna þótt verkefnið sé nokkuð flókið enda hafði Straumur starfað á mörgum sviðum og í mörgum löndum.